

Sérnámshandleiðari (educational supervisor)

Námslæknir hefur ákveðinn sérnámshandleiðara allan sinn námstíma. Sérnámshandleiðari er aðalleiðbeinandi námslæknis og styður hann til að standast lágmarkskröfur námsframvindu. Námslæknir hefur einnig klínískan handleiðara en sérnámshandleiðari getur eftir atvikum jafnframt verið klínískur handleiðari.

Sérnámshandleiðari þarf að:

1. Þekkja marklýsingu (curriculum) námsins.
2. Þekkja ákvörðunartól framvindu námsins (decision aid).
3. Hitta námslækni a.m.k. fjórum sinnum á ári.
4. Funda í upphafi hvers námsárs með námslækni.
 - Skoða yfirlitsblað (profile) námslæknis.
 - Skoða vistir námslæknis.
 - Skrifa undir námssamning (declarations and agreement).
 - Ræða undirbúning fyrir MRCP próf.
5. Eiga reglulega fundi með námslækni :
 - Námslæknir sér um að finna fundartíma.
 - Námsframvinduáætlanir (PDP) eru yfirfarnar.
 - Nota skal eyðublaðið „educational meeting“ til að skrá niðurstöðu fundar.
 - Fara yfir undirbúning og framvindu í MRCP prófum.
6. Undirbúa árlegt stöðumat sem er í júní á hverju ári (ARCP). Fyrir árlegt stöðumat þarf að skila lokaskýrslu námsárs (educational supervisor's report). Námslæknar og sérnámshandleiðari þurfa að funda í síðasta lagi í maí (a.m.k. fjórum vikum fyrir ARCP) og taka saman árangur ársins.
 - Fylla þarf út lokaskýrslu námsárs (educational supervisor's report).
 - Það er á ábyrgð námslæknis að öll gögn séu í e-Portfolio og sett upp á skilmerkilegan hátt, enda metur ARCP nefndin einungis það sem skráð er í ePortfolio.
 - Ganga þarf úr skugga um að námslæknir hafi tengt viðeigandi skjöl og matsblöð við nægilegan hluta marklýsingar.
 - Samþykkja þarf hæfni (competence) námslæknis fyrir viðeigandi hluta marklýsingar.
 - Lokaskýrsla námsárs, skrifuð af sérnámshandleiðara, verður að liggja fyrir fyrir ARCP fundinn, annars stenst námslæknir ekki matið.

Skammstafanir

- mini CEX - mini clinical evaluation exercise
- ACAT - acute care assessment tool
- CbD - case-based discussion
- DOPS - direct observation of procedural skills
- MSF - multisource feedback
- QIPAT - quality improvement project assessment tool
- AA - audit assessment
- TO - teaching observation
- PS - patient survey
- ARCP - árlegur stöðumatsfundur
- ARCP decision aid - árlegt ákvæðunartól um námsframvindu námslæknis
- ES - sérnámshandleiðari
- CS - klínískur handleiðari